



Lögbingingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbingingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbingingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 45 119. ár

17. mars 2026

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun - Sameining lífeyrissjóða

Með samningi undirrituðum 20. október 2025 samþykktu stjórnir Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands, kt. 430269-1519, og Frjálsa lífeyrissjóðsins, kt. 600978-0129, að lífeyrissjóðirnir skyldu sameinast. Sameiningin var samþykkt á sjóðfélagafundi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 13. nóvember 2025. Sameiningin felur í sér að Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands sameinast að fullu Frjálsa lífeyrissjóðnum. Sameiningin var samþykkt með fyrirvara um staðfestingu fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sameiningarsamningurinn hefur og verið tilkynntur Samkeppniseftirliti. Samkvæmt samningi aðila tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn yfir allar eignir og skuldbindingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að virtu mati á stöðu þeirra um áramót 31. desember 2025. Sameining sjóðanna verður nánar kynnt á ársfundum þeirra 2026, enda liggja þá fyrir samþykki eftirlitsaðila.

Í samræmi við 2. mgr. 49. gr., sbr. 3. mgr. 48. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er með auglýsingu þessari skorað á lánardrottna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að lýsa kröfum sínum á hendur sjóðnum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Innköllun þessi hefur sömu áhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti sbr. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 129/1997. Kröfulýsingar skal senda til skrifstofu undirritaðs að Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 12. mars 2026
f.h. Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands,
Stefán Árni Auðólfsson lögmaður.
20260316008A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun - félagsslit Glitnir HoldCo ehf.

Á hluthafafundi Glitnis HoldCo ehf., kt. 550500-3530 (hér eftir „félagið“) sem haldinn var þann 16. janúar 2026 kl. 14:15, var samþykkt að slíta félaginu á grundvelli 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í framhaldi var haldinn hluthafafundur hjá félaginu þann 16. janúar 2026, kl. 15:00, þar sem efnahags- og rekstrarreikningur fyrir félagið var lagður fram í samræmi við 1. mgr. 85. gr. laga nr. 138/1994 og skilanevnd skipuð.

Í skilanevnd voru kjörnir Ragnar Björgvinsson, kt. 260985-3109, lögmaður, og Ingólfur Hauksson, kt. 040660-5349, endurskoðandi. Þann 2. mars 2026 var framangreind skilanevnd löggilt til starfsins af fyrirtækjaskrá Skattsins í samræmi við 3. mgr. 86. gr. laga nr. 138/1994.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum skriflega innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skilanevnd á póstfangið Glitnir HoldCo ehf., Langholtsvegi 111 (2. hæð), 104 Reykjavík eða á netfangið creditorclaims@glitnir.info.

Skilanevnd hefur ákveðið að boða lánardrottna og hluthafa félagsins til fundar að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, þann 23. júní 2026 og hefst fundurinn klukkan 11.00.

Ragnar Björgvinsson lögmaður.
Ingólfur Hauksson endurskoðandi.

Reykjavík, 13. mars 2026
20260316015A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Dómsbirting - mál nr. S-122/2025

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 22. janúar 2026

Mál nr. S-122/2025:

Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ionut-Daniel Vlad og Nicolae Stoica

(Jón Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, var höfðað með ákæru útgefni 15. ágúst á síðasta ári af lögreglustjóranum á Austurlandi, á hendur Ionut-Daniel Vlad, kt. 180596-5429, með óþekkt lögheimili í Bretlandi, og Nicolae Stoica, kt. 250387-5129, Skyggisbraut 20 í Reykjavík, fyrir þjófnaði samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í tveimur ákæruliðum.

Á dómþingi 3. desember síðastliðinn var fallið frá síðari ákæruliðnum af þessum tveimur. Að endingu varða sakargiftir á hendur ákærðu þannig þjófnaði fyrir að hafa einhvern tímann á tímabilinu frá 5. september til 6. september 2023 í félagi brotist inn á verkstæði í eigu fyrirtækisins [...] að [...] og stolið þaðan kapalpressu af gerðinni Milwaukee í svartri tösku að verðmæti 430.000 krónur, klemmum í kapalpressu að verðmæti 50.000 krónur, höggborvél ásamt fylgihlutum í grænblátt tösku af gerðinni Makita að verðmæti 200.000 krónur, 12V hleðsluborvél af gerðinni Milwaukee að verðmæti 50.000 krónur, DeWalt-slípirokk að verðmæti 50.000 krónur, afeinangrunarvél af gerðinni Milwaukee að óþekktu verðmæti, ásamt koparvörum að verðmæti 507.944 krónur, koparrörum, koparskinnum, pressutengjum, rafmagnsköplum, afklippum, koparstöng og öðrum smáhlutum og verkfærum að óþekktu heildarverðmæti, og fyrir að hafa á sama tíma og á sama stað brotist inn í bifreið sem stóð utandyra við verkstæðið og stolið þaðan fjórum felgum undir bifreið af gerðinni Volvo 740 og fjórum sex gata jeppafelgum að óþekktu heildarverðmæti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu krefst [...], fyrir hönd [...], þess að ákærðu greiði sameiginlega skaðabætur að fjárhæð 559.032 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af fyrrgreindri fjárhæð frá 6. september 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk þess sem þeim verði að mati dómsins gert að greiða kostnað við að halda kröfunni uppi.

Um málsatvik er skírskotað til þess sem að framan greinir, sbr. ákæruskjal.

Við þingfestingu málsins 3. desember síðastliðinn játaði ákærði Nicolae Stoica skýlaust að hafa gerst sekur um fyrrgreinda háttsemi, sem tilgreind er í I. ákærulið, og samþykkti bótakröfu sem rakin er til þess ákæruliðar. Greinargerð með bótakröfunni var birt ákærða Nicolae Stoica í þinghaldinu. Aftur á móti neitaði sá ákærði sakargiftum samkvæmt II. lið ákærunnar að tilteknum skýringum gefnum og í kjölfarið var af hálfu ákærvalds fallið frá II. lið ákærunnar. Fyrir þingfestingu hafði ekki tekist að birta ákærða Ionut-Daniel Vlad fyrirfall, ákæru og greinargerð með bótakröfu, en í þinghaldinu var upplýst með vísan til gagna að óvíst væri um dvalarstað þess

ákærða í Bretlandi. Að svo komnu máli, að gættu fyrrgreindu brottfalli á ákærulið II, að gögnum málsins að öðru leyti og því sem upplýst var í þinghaldinu, var gefið út nýtt fyrirfall samkvæmt næstsíðasta málslið 1. mgr. 155. gr. laga nr. 88/2008 til birtingar af hálfu lögreglu ásamt ákæru og greinargerð með bótakröfu vegna þess ákærða. Var meðferð málsins í kjölfarið frestað til gærdagsins.

Fyrirkall og sá hluti ákæru sem ekki hafði verið fallið frá samkvæmt framansögðu, þar á meðal einkaréttarkrafa, voru svo birt ákærða Ionut-Daniel Vlad í Lögbirtingablaði 9. desember 2025 og er staðfesting þess á meðal málgagna. Í fyrirfalli kom meðal annars fram að sækti sá ákærði ekki þing mætti hann búast við að fjarvist hans yrði metin til jafns við það að hann viðurkenndi að hafa framið það brot sem hann væri ákærður fyrir og að dómur yrði lagður á málið að honum fjarstöddum. Greinargerð með bótakröfu var á hinn bóginn ekki birt samhliða.

Var málið því tekið til dóms í gær á grundvelli 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvað viðkom ákærða Ionut-Daniel Vlad, en á grunni 164. gr. sömu laga hvað viðkom ákærða Nicolae Stoica eftir að gefinn hafði verið kostur á að koma að sjónarmiðum um lagaatriði, ákvörðun viðurlaga og bótakröfu.

Af hálfu ákærða Nicolae Stoica er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og var að auki meðal annars af hans hálfu fjallað um ákvörðun dráttarvaxta af einkaréttarkröfu og krafist þóknunar handa skipuðum verjanda vegna starfa verjandans í þágu þess ákærða.

Dómurinn telur sannað, með vísan til þess sem að framan greinir og gagna málsins, að ákærðu hafi framið þá háttsemi sem þeim er að endingu gefin að sök og er háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru. Ákærðu eru því sakfelldir fyrir háttsemina og hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorðum, og fyrirliggjandi upplýsingum um sakaferil ákærðu erlendis frá, hefur hvorugur þeirra áður gerst sekur um háttsemi sem þýðingu hefur við ákvörðun refsingar nú, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 71. gr. sömu laga. Þá er og til þess að líta að ákærði Nicolae Stoica mætti fyrir dóm við þingfestingu málsins, eftir að hafa ekið til Egilsstaða frá höfuðborgarsvæðinu, til þess að greina frá sínum þætti málsins í dómsal. Fram er komið að hann gaf skýringar á þeim sakargiftum sem fallið var frá fyrir dómi og upplýsti málið, hvort tveggja að því marki og með skýlausri játtningu á þeirri háttsemi sem að framan greinir, auk þess að samþykkja einkaréttarkröfu. Þykja þessi atriði horfa honum sér í lagi til málsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. laganna. Þá leið og nokkur tími frá því að ákærðu viðhöfðu háttsemina til útgáfu ákæru og dómsálagningar sem ákærðu verður að málgögnum virtum ekki kennt um. Á hinn bóginn unnu ákærðu þá háttsemi sem þeir eru sakfelldir fyrir í sameiningu og horfir það til refsíþyngingar, sbr. 2. mgr. sama lagaákvæðis. Eins og hér hagar til þykir refsing ákærða Ionut-Daniel Vlad samkvæmt 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga, en refsing ákærða Nicolae Stoica samkvæmt sama lagaákvæði hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga. Fullnustu refsinga beggja þykir mega fresta í tvö ár haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. þeirra laga.

Af hálfu stjórnarformanns og framkvæmdastjóra fyrir hönd kröfuhafa er krafist sameiginlega 559.032 króna í skaðabætur úr hendi ákærðu. Þeirri kröfu til stuðnings hefur verið lögð fram greinargerð fyrirsvarsmannsins, þar sem í samræmi við áskilnað laga er grein gerð fyrir kröfunni, og lögð fram gögn um hið fjárhagslega tjón félagsins, sem samkvæmt því sem að framan greinir verður rakið til háttsemi ákærðu. Um vexti af kröfu félagsins fer samkvæmt því sem greinir í dómsorði, þar af verða vextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu dæmdir frá 9. janúar 2026 með vísan til síðari málsliðar 9. gr. laganna í ljósi þess hvernig hér hagaði til og áður er rakið. Þá bera gögn málsins eða annað það sem fram er komið við meðferð þess ekki með sér kostnað af því að halda kröfunni uppi.

Ekki leiddi annan sakarkostnað af málinu en þóknun skipaðs verjanda ákærða Nicolae Stoica, Jóns Jónssonar lögmanns. Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og meðferð málsins fyrir dómi verður ákærði dæmdur til að greiða helming þóknunar verjandans, sem í heild þykir, að virtri tímaskýrslu og umfangi málsins, hæfilega ákveðin 221.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ionut-Daniel Vlad, sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, Nicolae Stoica, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu Ionut-Daniel Vlad og Nicolae Stoica greiði [...] sameiginlega 559.032 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. september 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá 9. janúar 2026 til greiðsludags.

Ákærði, Nicolae Stoica, greiði helming þóknunar skipaðs verjanda síns, Jóns Jónssonar lögmanns, sem í heild er 221.340 krónur.

9. mars 2026

Hákon Þorsteinsson.

20260316012A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Stómavörur slf.*Nafn:* Stómavörur slf.*Kennitala:* 490326-2270*Heimilisfang:* Dugguvogi 7, Reykjavík*Dagsetning samnings:* 20.1.2026*Félagsmenn:*Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, kt. 021061-3289, Dugguvogi 7, Reykjavík, *ábyrgðaraðili*Ásthildur I. Ragnarsdóttir, kt. 020683-3259, Brautarási 15, Reykjavík, *samlagsaðili**Framkvæmdastjórn:*

Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, kt. 021061-3289, Dugguvogi 7, Reykjavík

Prókúruumboð:

Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, kt. 021061-3289, Dugguvogi 7, Reykjavík

*Endurskoðendur/skoðunarmenn:*Gunnar Bachmann, kt. 280664-2789, Hvassaleiti 72, Reykjavík, *skoðunarmaður**Firmað rita:* Ábyrgðaraðili*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er innflutningur og sala á lækningatækjum, stómavörur - þjónusta og ráðgjöf.*Skattaðild:* Sjálfstæður skattaðili*Ísat flokkun:*

46.46.0 Heildverslun með lyf og lækningavörur

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 9. mars 2026

Firmaskrá

20260316007A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Tveirtuttugu slf.

Nafn: Tveirtuttugu slf.

Kennitala: 490326-1380

Heimilisfang: Skipalóni 7, Hafnarfirði

Dagsetning sammings: 5.12.2025

Félagsmenn:

Geir Gígja, kt. 161171-4689, Skipalóni 7, Hafnarfirði, ábyrgðaraðili

Kristófer Ingi Gígja, kt. 270298-2149, Háholti 10, 220 Hafnarfjörður, samlagsaðili

Framkvæmdastjórn:

Geir Gígja, kt. 161171-4689, Skipalóni 7, Hafnarfirði

Prókúruumboð:

Geir Gígja, kt. 161171-4689, Skipalóni 7, Hafnarfirði

Endurskoðendur/skoðunarmenn:

Þrep ehf., kt. 611287-1869, Skippholti 50b, Reykjavík

Elín Hanna Pétursdóttir, kt. 040382-5939, Hraunbraut 18, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi

Firmað rita: Ábyrgðaraðili

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur vefsíður, bóknarþjónusta, viðskiptaráðgjöf og fjárfestingar.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili

Ísat flokkun:

63.11.0 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi

Rekstrarform: Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 9. mars 2026

Firmaskrá

20260316014A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-115/2026**Fyrirkall:**

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-115/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Daniele Regalla, verður tekið fyrir á dómþingi 16 apríl 2026 kl. 10.05.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur

Daniele Regallo, fd. 01.10.1975, með óþekkt lögheimili á Ítalíu, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 25. febrúar 2026, ekið bifreiðinni IBJ69 um Suðurlandsveg við Neistastaði í Flóahreppi, á 120 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km/klst.

Telst háttsemi þessi varða við 37. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2026-002566.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Hvolsvelli, 7. mars 2026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
20260316018A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Fyrirkall og ákæra - mál nr. S-118/2026

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-118/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Ákærði: Jeffrey Patrick Joyce, verður tekið fyrir á dómþingi 16 apríl 2026 kl. 10.06.

Staður: Salur dómstólsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Jeffrey Patrick Joyce, fd. 01.05.1983, með óþekkt lögheimili í Bretlandi, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 27. febrúar 2026, ekið bifreiðinni RJR87 um Suðurlandsveg við Paradísarhelli í Rangárþingi eystra, á 113 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km/klst. Telst háttsemi þessi varða við 37. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 318-2026-002696.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Hvolsvelli, 10. mars 2026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
20260316020A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 5. mars 2026 var samþykkt umsókn

Ómars Þ. Ragnarssonar

kennitala: 160940-4929

heimilisfang: Fróðengi 11, Reykjavík

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 5. mars 2026. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin

birtist fyrra sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluáðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafi ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluáðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi, 5. mars 2026

Björn Ingi L. Jónsson

20260306005B

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - Steingrímur Jón Ólafsson

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Steingrímur Jón Ólafsson,
kt. 240685-2139,
Brietartún 34, 105 Reykjavík

Frestdagur:

10. febrúar 2026

Skiptafundur:

Þriðjudagur
26. maí 2026
kl. 10:45

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Njarðarnesi 10, 603 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Njarðarnesi 10, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 4. mars 2026

Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður.

20260309003B

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - GJ dúkalagnir ehf

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

GJ dúkalagnir ehf,
kt. 510806-0420,

Frestdagur:

5. desember 2025

Skiptafundur:

miðvikudagur
10. júní 2026

Móavegi 2, 112 Reykjavík

kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. mars 2026
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.
Sunna Magnúsdóttir lögmaður
20260316002A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - Popup ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Popup ehf., kt. 620219-0960, Snæfríðargötu 7, Mosfellsbæ	12. nóvember 2025	miðvikudagur 10. júní 2026 kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið sunna@logmal.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 13. mars 2026
f.h. Hrefnu Þórsdóttur lögmanns
Sunna Magnúsdóttir lögmaður
20260316004A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - M. Sturluson ehf

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. janúar 2023 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
M. Sturluson ehf, kt. 550306-0930, Barrholti 27, Mosfellsbæ	16. nóvember 2022	fimmtudagur 4. júní 2026 kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, 2. hæð, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.
Sunna Magnúsdóttir lögmaður
20260316009A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - Yoda Film slf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. janúar 2023 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Yoda Film slf., kt. 440216-0990, Nesvegi 104, Seltjarnarnesbæ	22. nóvember 2022	fimmtudagur 4. júní 2026 kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík, 2. hæð, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir

skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026
f.h. Magnúsar Óskarssonar hrl.
Sunna Magnúsdóttir lögmaður
20260316010A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - ICE work ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
ICE work ehf., kt. 621112-0310, Stekkjarflöt 2, Garðabæ	24. september 2025	miðvikudagur 27. maí 2026 kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið joip@eyjar.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjuvegi 23, 2. hæð, Vestmannaeyjum, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Vestmannaeyjum, 9. mars 2026
Jóhann Pétursson lögmaður
20260316011A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun dánarbús - Guðlaug Jónsdóttir

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. febrúar 2026 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:	Dánardagur:
Guðlaug Jónsdóttir, kt. 151147-4109, síðasta heimilisfang: Furugrund 58, Kópavogi	5. september 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík (Lögmál ehf.).

Reykjavík, 9. mars 2026
Sunna Magnúsdóttir lögmaður
20260316013A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Innköllun þrotabús - AD lagnir ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
AD lagnir ehf., kt. 480218-2560, Brekkubyggð 51, Garðabæ	22. desember 2025	mánudagur 1. júní 2026 kl. 13:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið sgg@sgg.is.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9d, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 9. mars 2026
Sigurður G. Guðjónsson lögmaður
20260316017A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Skiptalok - þb. Árný ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. febrúar 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Árný ehf., kt. 610502-2610.

Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Lýstar kröfur voru að fjárhæð kr. 7.073.350.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. ágúst 2025 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 9. mars 2026
Guðmundur B. Ólafsson lögmaður.
20260316001A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Skiptalok - Stuðboltar ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 11. ágúst 2025 var eftirfarandi bú Studbolta ehf., kt.631220-1340, Knarrarbergi 9, Þorlákshöfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið þann 19. febrúar 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Lýstar kröfur voru samtals kr. 4.429.531.

Reykjavík, 16. mars 2026

Claudia Ashanie Wilson lögmaður.

20260316019A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Skiptafundur - þb. North Tech Energy ehf.

Hér með er boðað til skiptafundar í þrotabúi North Tech Energy ehf. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra, Eyravegi 15, Selfossi, miðvikudaginn 1. apríl 2026 kl. 10.00. Á fundinum verður tekið fyrir frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem hefur verið gert samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Frumvarpið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra til sýnis fyrir lánardrottna og aðra þá sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta, frá og með birtingardegi þessarar auglýsingar. Komi ekki fram mótmæli gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á framangreindum skiptafundi, mega þeir sem hlut eiga að máli vænta þess að það verði endanlega talið samþykkt og skiptum lokið samkvæmt því, sbr. 160. gr. laga nr. 21/1991.

Selfoss, 10. mars 2026

f.h. Ólafs Björnssonar skiptastjóra

Skúli Geir Ólafsson lögmaður

20260316003A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Skiptafundur - þb. Icarus ehf.

Skiptafundur í þrotabúi Icarusar ehf., kt. 670504-4680, Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Suðurlandsbraut 52, 2-hæð, Reykjavík, þann 1. apríl 2026, kl. 11.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir, sem eiga hlut að máli, vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Reykjavík, 9. mars 2026

Einar Gautur Steingrímsson lögmaður.

20260316006A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Suðurnesjabær

Gauksstaðir – Tillaga að deiliskipulagi.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 11. mars 2024, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa deiliskipulagstillögu á jörð Gauksstaða, L196408, fyrir ferðaþjónustu. Í tillöggunni felst að fyrirhugað er að útbúa gistirými fyrir allt að 50 manns í 15 ferðaþjónustuhúsum auk þjónustubyggingar. Sjá svæðið auðkennt VP6 í Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Um er að ræða endurtekna málsmeðferð, þar sem fyrir liggur úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, mál nr. 158/2025, um deiliskipulag Gauksstaða (L196408). Málið varðar ákvörðun bæjarráðs Suðurnesjabæjar frá 25. júní 2025 um að samþykkja deiliskipulagið. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að ákvörðun bæjarráðs er felld úr gildi. Til grundvallar niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar er það mat hennar að Suðurnesjabæ hafi borið að auglýsa tillöguna á nýjan leik samkvæmt 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga með vísan til að gerðar voru úrbætur á umhverfismati skipulagsins eftir að umsagnartíma lauk og því er tillagan hér með auglýst og kynnt á nýjan leik.

Tillagan er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 309/2026 þar sem einnig er vísað í tengd mál úr fyrri málsmeðferð og umsagnir.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á <https://skipulagsgatt.is/>.

Umsagnarfrestur er til og með 27. apríl 2026.

13. mars 2026

Jón Ben. Einarsson skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar.

20260316016A

Útgáfud.: 16. mars 2026

Stefna - til greiðslu skuldar

Þingfestingardagur í Héraðsdómi Reykjavíkur:

Þriðjudaginn 12. maí 2026.

Kröfunr. 546-76711.

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Hildur Kolbrún Andrésdóttir, kt. 290363-3739, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 8.217.266 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 37.132 frá 01.03.2025 til 01.09.2025, en af kr. 246.309 frá þeim degi til 20.12.2025, en af kr. 8.217.266 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmáður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Rakel Elíasdóttir, kt. 060781-4519, Reynihvammi 23, Kópavogi.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda veitti hún Andrési Kolbeinssyni, nnr. 0295-0510, og Hrafnhildi Pedersen, kt. 280740-3149, fullt og ótakmarkað umboð til að annast lántöku hjá stefnanda og til að undirrita skuldabréf fyrir sína hönd til tryggingar námslánnum.

Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu 25 skuldabréfa á árunum 1984-1992, en númer þeirra, upphaflegur höfuðstóll og grunnvísitala er eftirfarandi:

Nr. láns	upphaflegur höfuðstóll	grunnvt.
T-16681	39.680	865
T-61077	54.954	1432
T-100704	157.630	1958
T-117668	156.201	2279
T-137780	49.452	2771
T-151470	33.733	2905
T-171914	181.366	3003
T-214602	45.921	3198
T-84688	84.688	3203
T-20219	23.930	892
T-67191	68.863	1509
T-108063	50.511	2020
T-127549	61.544	2475
T-139862	180.838	2806
T-159875	122.601	2934
T-183422	111.194	3070
T-217222	47.116	3198
T-55230	203.400	1396
T-72035	41.251	1542
T-114181	35.615	2264
T-132294	60.051	2640
T-148643	97.800	2873
T-169322	57.483	2969
T-210176	85.277	3205
T-219011	108.200	3198

Þegar stefnda sótti um námslán hjá stefnanda giltu um námslán og umsókn hennar lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Samkvæmt 7. gr. laganna eru lán stefnanda verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar sem greiðsla fer fram. Námslán skv. lögum nr. 72/1982 eru vaxtalaus.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok skv. lögnum. Eftir námslok voru öll T-skuldabréfin reiknuð til sameiginlegrar vísitölu og innheimt í einu undir sérstöku lánsnúmeri S-957029, en í 2. másl. 3. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um að reikna lánin til einnar skuldar. Var fjárhæð hvers T-skuldabréfs uppreiknuð miðað við grunnvísitölu skuldabréfanna til lánskjaravísitölu þess mánaðar sem lánin

voru reiknuð til einnar skuldar í janúar 1995, en lánskjaravísitala í janúar 1995 er 3.385 stig. Sú vísitala myndar grunnvísitölu við útreikning á T-skuldabréfunum undir númerinu S-S-957029.

Samkvæmt lögum nr. 72/1982 eru tveir gjalddagar á ári, annars vegar föst afborgun á fyrri hluta árs og hins vegar tekjutengd afborgun á síðara hluta árs. Lánið hefur verið í vanskilum frá 01.03.2025 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 20.11.2025. Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
Eftirstöðvar gjalddaga 1.3.2025	37.132
1.9.2025	209.177
Gjaldfelldar eftirstöðvar 20.11.2025	7.970.957

Eða alls kr. 8.217.266 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Áður en krafa stefnanda var sett í lögfræðiiinnheimtu var greitt samtals kr. 75.748 inn á gjalddaga 1.3.2025. Var kr. 74.264 ráðstafað upp í höfuðstól og kr. 1.484 í kostnað. Nema eftirstöðvar gjalddaga 1.3.2025 kr. 37.132.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi veitt Andrésí Kolbeinssyni og Hrafnhildi Pedersen fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita námslánaskuldabréf fyrir sína hönd. Jafnframt er byggt á því að undirritun umboðsmannanna í umboði stefndu, auk undirritunar stefndu sjálfrar, hafi falið í sér skuldbindandi loforð stefndu um að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 72/1982 og í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Þá er byggt á því að stefnda hafi í verki viðurkennt umboð Andrésar og Hrafnhildar til undirritunar skuldabréfa fyrir sína hönd með því að taka við veittum námslánum og afborgun gjalddaga.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, reglugerðar nr. 578/1982, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 12. maí 2026 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 9. mars 2026
f.h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.
20260316005A

Lögbirtingablað,

45. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.